

Alþingi
Allsherjar- og menntamálnefnd

Reykjavík 17. apríl 2023

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 50/2016, þingmál 893.

Dómstólasýslan vísar til bréfs allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis 30. mars sl. þar sem dómstólasýslunni er boðið að senda nefndinni umsögn við frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla, nr. 50/2016, þar sem lagt er til að héraðsdómstólarnir verði sameinaðir í einn héraðsdómstól, sbr. þingmál 893.

Hugmyndir um sameiningu héraðsdómstóla hafa ítrekað komið til umfjöllunar hjá dómstólaráði og síðar hjá dómstólasýslunni. Dómstólaráð sendi umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998 sem lagt var fram á Alþingi árið 2009 en þar var mælt fyrir um sameiningu héraðsdómstólanna í einn. Í umsögninni var ekki lagst gegn tillögum frumvarpsins um sameiningu héraðsdómstóla. Hins vegar var gerður fyrirvari um að það skorti á nauðsynlega þarfagreiningu og kostnaðarmat auk þess sem gefa þyrfti nægan tíma til undirbúnings.

Eins og fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnslu dómstólanna í apríl 2020 var það mat dómstólasýslunnar að sameining héraðsdómstóla væri skilvirkasta leiðin að aukinni samræmingu innan dómskerfisins. Þannig mætti auka hagkvæmni með meiri samvinnu og samlegð en að óbreyttu væri ekki talin þörf á fjölgun starfsmanna héraðsdómstólanna.

Fyrirliggjandi frumvarp um sameiningu héraðsdómstólanna byggir að stærstu leyti á skýrslu starfshóps dómsmálaráðherra sem skilað var 12. desember 2022. Formaður starfshópsins var Sigurður Tómas Magnússon formaður stjórnar dómstólasýslunnar og hæstaréttardómari. Dómstólasýslan aflaði ýmissa upplýsinga og gagna við gerð skýrslunnar og starfsmaður dómstólasýslunnar var annar starfsmanna starfshópsins.

Við skipun starfshópsins lá fyrir ákvörðun ráðherra um að ráðast í sameiningu héraðsdómstóla í einn héraðsdómstól. Forsenda sameiningarinnar var að héraðsdómstóllinn hefði starfsstöðvar á landsbyggðinni þar sem dómstólarnir eru nú staðsettir. Starfshópnum var falið að taka saman upplýsingar um þau atriði sem huga þyrfti að við sameiningu þeirra í einn og koma með með tillögum að útfærslu á slíkum breytingum og meta hagkvæmni af sameiningunni og þörf á lagabreytingum.

Dómstólasýslan er sammála greiningu starfshópsins um ávinning af sameiningu dómstólanna og áskoranir sem henni eru tengdar. Dómstólasýslan leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að ná fram auknum sveigjanleika við úthlutun mála með því að úthluta megi málum til allra dómstólanna frá einum stað. Þannig má jafna álag á dómstólunum og nýta betur starfskrafta þeirra. Auk þess mun slíkt fyrirkomulag móttöku mála á einum stað nýtast vel þegar mál berast með rafrænum hætti. Þannig getur sameining héraðsdómstólanna búið í haginn fyrir stafræna umbreytingu.

Jafnframt er að mati dómstólasýslunnar brýnt að huga að þeim áskorunum sem raktar eru í skýrslunni og þá einkum þeim er varða möguleika á að fá dómara til starfa á landsbyggðinni. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu (kafla 2.4.2.3.) virðast færri sækja um dómaraastöður með starfstöð á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Að mati dómstólasýslunnar verður að líta til þessa við mat á mögulegri hagræðingu vegna fækkunar bakvakta dómara á landsbyggðinni í breyttri skipan þar sem dreifa má bakvöktum á fleiri herðar.

Skiptar skoðanir eru um frumvarpið í stjórn dómstólasýslunnar en meirihluti stjórnar er sammála efnislegri útfærslu frumvarpsins um sameiningu dómstólanna í einn héraðsdómstól með átta starfstöðvar og styður þær breytingar sem í því felast.

Dómstólasýslan er hins vegar ósammála því mati ráðuneytisins að kostnaður vegna frumvarpsins rúmist innan ramma gildandi fjárlaga. Matið er ekki rökstutt í frumvarpinu en virðist byggja á því að fjármunir í varasjóði málefnasviðsins verði nýttir að fullu og að jafnvel verði gengið á fjárfestingarheimildir dómstólasýslunnar. Samkvæmt áætlun dómstólasýslunnar má gera ráð fyrir að fjárfestingar- og rekstrarkostnaður vegna sameiningarinnar nemi á fjögurra ára tímabili um 220 millj. kr. Þá áætla dómstólasýslan að varanleg hækkun kostnaðar verði um 21 millj. kr. á ári.

Dómstólasýslan hefur gert grein fyrir aukinni útgjaldaþörf á málefnasviði dómstóla við undirbúning fjármálaáætlunar fyrir tímabilið 2023-2027 og á ný fyrir tímabilið 2024-2028. Útgjaldaþörfin tengist m.a. þróun á innri kerfum dómstólanna vegna stafræna umbóta hjá dómstólunum og þörf fyrir tækniþjónustu og tækniþekkingu hjá dómstólasýslunni og dómstólunum. Þessar umbætur eru nauðsynleg forsenda þess að ná fram áðurnefndum ávinningi af sameiningu héraðsdómstólanna.

Með hliðsjón af framansögðu varar dómstólasýslan við því að ráðist verði í sameiningu héraðsdómstólanna á þeirri forsendu að sameiningin verði að fullu fjármögnuð innan ramma gildandi fjárlaga.

Að lokum setur dómstólasýslan fyrirvara við að lögin taki gildi 1. ágúst 2024. Sameining héraðsdómstólanna krefst mikils og vandaðs undirbúnings. Þannig þarf að breyta innri kerfum héraðsdómstólanna, setja nýjar reglur og breyta gildandi reglum og verkferlum í verulegum atriðum. Afar hæpið er að þessum undirbúningi verði lokið fyrir 1. ágúst 2024. Þá er rétt að hafa í huga að ýmis ávinningur sem gert er ráð fyrir að náist með lagasetningunni er háður því að stafrænar umbætur hjá dómstólunum verði langt komnar. Dómstólasýslan leggur því til að gildistöku laganna verði frestað til 1. ágúst 2025.

Virðingarfyllst,

Kristín Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri